

# Ræktunarmarkmið fyrir forystufé

## Skilgreining á forystufé

Til að kind sé skilgreind sem „forystufé“ í skýrsluhaldsgrunninum Fjárvís.is þarf hlutdeild erfðavísa frá hreinræktuðu forystufé að vera 75% eða meira. Kindur sem hafa 50% til 74% hluta erfðavísa sinna frá hreinræktuðu forystufé skulu skilgreindir sem „forystublendingar“.

## Erfðafjölbreytileiki

Skipulag ræktunarstarfs fyrir forystufé skal miða að því að skyldleikarækt sé takmörkuð eins og kostur er.

Forystukindur skulu vera þolnar gegn riðuveiki. Innleiða skal verndandi arfgerðir í forystufjárkynið.

## Forystuhæfileikar og skap

Forystukindur skulu búa yfir góðum forystuhæfileikum, þ.e.a.s. að þær hafi hæfileika til að taka forystu í fjárrekstri og leiða hópinn. Forystukind skal vera athugul, yfirveguð og kjörkuð.

## Útlit

**Stærð og sköpulag:** Forystukindur skulu hafa fríðan haus með stór, skýr augu og skarplegan svip. Þær séu léttbyggðar en sterklegar. Tiltölulega stórar en þó fínlegar, háreistar og tignarlegar kindur. Fætur háir og réttir. Sköpulag forystukinda miðist við að þær séu létttrækar, hraustar og endingargóðar.

**Litir:** Viðhalda skal litafjölbreytileika meðal forystufjár. Forystufé getur verið af öllum litum og litaafbrigðum.

**Ull:** Ullin skal vera fremur fínleg og mjúk. Ullarmagn gott og hreinleiki lita góður.

**Hornalag:** Forystufé getur bæði verið hyrnt og kollótt. Varast skal hornalag sem leitt getur til þess að horn vaxi í haus.

## Afurðaeiginleikar

Forystuær skulu vera frjósamar og mjólkurlagnar. Æskilegt er að fullorðin forystuær sé að jafnaði tvílembd og mjólki auðveldlega tveimur eðlilega þroskuðum lömbum.

# Leiðir að settu marki

## Erfðafjölbreytileiki og skýrsluhald

Mikilvægt er að skráning ætternisgagna sé viðhöfð fyrir allt forystufé í landinu þannig að skyldleiki gripa sé þekktur. Í Fjárvis.is þarf að vera hægt að halda sérstaklega utan um forystufé og hlutfall forystufjárblóðs eða hreinræktunarhlutfall hvers grips. Skilgreindur sé grunnhópur í Fjárvis.is með gripum sem taldir eru hreinræktað forystufé (100% forystublóð). Hægt verður að bæta við gripum í grunnhópinn af þar til bærum aðila ef þörf þykir á.

Kindur sem skilgreindar eru sem forystukindur (hafa 75% eða meira forystublóð) og kindur sem skilgreindar eru sem forystublendingar (hafa 50%-74% forystublóð) skulu undanskildar afurðauppgjöri með kindum sem ekki teljast til forystufjár.

Fyrir forystuféð þarf að tryggja að unnið sé að innleiðingu verndandi arfgerða. Tryggja þarf að einhverjir bændur hefji innleiðingu á verndandi arfgerðum í forystufjárstofninn. Reynt verði að bjóða upp á forystuhrúta með lítið næmar arfgerðir eins og kostur er á stöðvunum þar til hrútar með verndandi arfgerðir standa til boða.

## Forystuhæfileikar, skap og útlit

Efla þarf sýningarhald á forystufé og þróa dómstigann sem tekur á forystuhæfni, skapferli og útliti. Þegar dómskalinn hefur verið fullmótaður þarf að vera hægt að skrá dóma í fjárvis.is.

Þá er æskilegt að bændur meti sjálfir forystuhæfni gripa, með því að skrá í Fjárvis (sjá „forystuhæfileikar“ undir „yfirlit grips“) hvort viðkomandi gripur sýni litla, einhverja eða mikla forystufjáreiginleika.

## Afurðaeiginleikar

Stefnt skal að, við mat á frjósemi og mjólkurlagni forystufjár og forystublendinga, að sá hópur sé gerður upp sérstaklega á skýrsluhaldinu. Ekki skal unnið með skrokkgæðaeiginleika við ræktun forystufjár, enda er aukin holdasöfnun ekki markmið við ræktun forystufjár.

## Dómstigi fyrir forystufé og forystublendinga

Eiginleikar	Vægi í heildareinkunn	Stig
<b>Sköpulag</b>		
<i>Haus og hornalag</i>	12,5%	5,0 til 10
<i>Heildarsvipur</i>	25,0%	10,0 til 20
<i>Fætur</i>	12,5%	5,0 til 10
<b>Forystuhæfileikar og skap</b>		
<i>Skap</i>	25,0%	10,0 til 20
<i>Forystuhæfileikar</i>	25,0%	10,0 til 20

Stig gefin í heilum og hálfum tölum. Fullnaðardómur stendur saman af sköpulagsdómi og dómi fyrir forystuhæfileika og skap. Sé eingöngu um sköpulagsdóm að ræða getur kindin hæst hlotið 40 stig en við fullnaðardóm geta heildarstigin orðið 80. Þegar forystugripur er metinn skal skrá niður mælingu á lengd vinstri framfótarleggjar og lífbunga. Eistu hrúta skulu skoðuð og það staðfest að þau séu eðlileg að öðrum kosti er skráð athugsemd. Hrútar með eistnagalla skulu ekki verðlaunaðir á sýningum.

### Haus og hornalag

<b>10</b>	Höfuð fádæma frítt, fremur fínlegt með stór og skýr augu. Svipur skarplegur og augnaráðið afar vökult. Haus sem hæfir glæsilegri forystukind. Hyrndar kindur skulu vera vel hyrndar, horn til prýði og vaxi ekki í haus. Kollóttar kindur skulu vera hreinkollóttar.
<b>9,0-9,5</b>	Glæsilegt höfuð sem hæfir forystukind. Einhver atriði gætu verið betri en hausinn ber enga galla.
<b>8,0-8,5</b>	Vel eða mjög vel skapaður haus. Allir eiginleikar viðunandi eða betri.
<b>7,5</b>	Hausinn er aðeins gallaður. Sjá upptalningu fyrir einkunnina 7,0. Hér eru gallarnir minniháttar.
<b>7,0</b>	Hausinn gallaður. Getu verið margir minniháttar gallar eða einn afgerandi galli sem skemmir heildarsvip höfuðsins. Til helstu galla höfuðs teljast: -Of svipdaufur -Of smá augu -Höfuð of breitt og stutt -Leiðinlegir hníflar sem verulegar líkur eru á að vaxi í haus. -Of krappt hornalag, verulegar líkur á að horn vaxi í haus. -minniháttar bitgallar (ranseyði/transeyði). -Svipur kindarinnar ber of lítil einkenni forystufjár.
<b>6,5 eða lægra</b>	Afgerandi gallar á haus. Gallar sem taldir eru upp undir einkunninni 7,0 eru hér mjög afgerandi eða um að ræða fleiri en einn fremur afgerandi galla. Vansköpun s.s. greinilegir bitgallar.

## Heildarsvipur

<b>20</b>	Framúrskarandi glæsileg forystukind. Kindin skal vera bollétt en sterkleg og háfætt með gallalausá yfirlínu. Fremur stór en fínlega vaxin og stærð hennar skal vera vel yfir meðallagi miðað við íslenskt sauðfé. Ullarmagn nægilegt svo til prýði sé og hreinleiki lita góður. Tignarleg og háreist kind sem samsvarar sér frábærlega.
<b>18,0 - 19,5</b>	Glæsileg forystukind. Einhver atriði gætu verið betri í heildarsvip hennar en þó ber hún enga galla.
<b>16,0 – 17,5</b>	Heildar svipur góður eða mjög góður. Kindin samsvarar sér vel en aðeins skortir á glæsileik. Fótahæð og léttleiki bols viðunandi. Engir afgerandi sköpulagsgallar. Getur verið fremur smá kind ef hún samsvarar sér mjög vel. Heildarsvipurinn þarf að bera greinileg einkenni fyrir forystufé.
<b>14,5 - 15,5</b>	Heildarsvipur aðeins gallaður en gallarnir þó ekki það miklir að þeir teljist til falleinkunnar. Sjá upptalningu galla fyrir einkunnina 14,0.
<b>14,0</b>	Heildarsvipurinn gallaður og/eða einkenni fyrir forystukind í heildarsvip eru of lítil. Geta verið margir minniháttar gallar eða einn afgerandi galli sem skemmir heildarsvip kindarinnar. Til helstu galla teljast: -Of smávaxin kind -Of lágfætt kind -Of þungbyggð kind -Of kviðmikil kind -Of miklir gallar í yfirlínu (kryppa eða siginn hryggur) -Of miklir samræmisgallar sem gera kindina afkáralega -Of ullarstutt og snoðin og/eða hreinleiki lita sé slæmur -Of lítil reisin yfir kindinni og skortir allan tignarleika
<b>13,5 eða lægra</b>	Lítill og óféleg kind. Einn eða fleiri gallar í upptalningu fyrir einkunina 14,0 eru verulegir og til alvarlegra lýta. Kindin ber mjög lítill eða engin einkenni forystufjár. Vansköpun.

## Fætur

<b>10</b>	Afburðagóðir fætur sem hæfa forystufé. Fætur nettir en sterklegir. Fótstaða rétt, hæfilega gleið og fætur beinir. Liðaskekkjur ekki til staðar og klaufir eru jafnt slitnar. Liðbönd á kjúkum sterk þannig að hæfilegur halli sé á kjúkum. Kjúkan myndi sem næst 45° horni við jörð þegar kindin stendur eðlilega.
<b>9,0 – 9,5</b>	Úrvals fætur og fótstaða. Eitthvað má benda á sem gæti verið betra en engir gallar finnast.
<b>8,0 – 8,5</b>	Góð eða mjög góð gerð fóta. Minniháttar snúningar geta verið til staðar (s.s. útskeifir eða innskeifir fætur) ef fætur eru að öðru leyti hraustlegir og kjúkustaðan góð. Smávægilegt misslit klaufa leyfist.
<b>7,5</b>	Fremur slök fótagerð. Gripurinn ber minniháttar galla, en er þó viðunandi til ásetnings. Fætur aðeins snúnir eða kjúkur örlítið svagar. Gripurinn er full nástæður. Klaufir nokkuð misslitnar.
<b>7,0</b>	Gripurinn það gallaður að ekki er mælt með honum til ræktunar. Til helstu galla teljast: -Of miklir snúningar í kjúkum, hnjáliðum eða hækjum. -Kjúkur of svagar -Kjúkur of brattar -Klaufir of misslitnar -Fætur of nástæðir -Fætur of veiklulegir
<b>6,5 eða lægra</b>	Mjög alvarlegir gallar eða vansköpun. Fætur verulega snúnir eða mjög áberandi liðaskekkjur.

## Skap

<b>20</b>	Afburðagóðir skapeiginleikar. Ákaflega kjörkuð kind. Yfirveguð en jafnframt athugul og næm. Þegar kindin er handsömuð stendur hún stillt og þrúð. Mjög leiðitöm.
<b>18,0 – 19,5</b>	Kind með úrvals skap en vantar þó eitthvað upp á að geta talist til hinnar fullkomnu skapgerðar. Er kjarkmikil en jafnframt róleg og nokkuð spök. Mjög athugul. Bregst mjög vel við sé hún handsömuð og teymd.
<b>16,0 – 17,5</b>	Gott skap eða mjög gott. Allir skapeiginleikar að lágmarki viðunandi.
<b>14,5 – 15,5</b>	Minniháttar skapbrestit. Kindin full stressuð eða kjarklaus. Mjög erfitt að handsama hana og streitist nokkuð á móti sé hún tekin. Fylgir fremur illa sé hún teymd eða dregin.
<b>14,0</b>	Verulegir skapgallar sem gera það að verkum að gripurinn telst ekki álitlegur sem forystukind. -Of stressuð og stygg -Of kjarklaus -Sýnir mjög mikinn mótþróa -Mannýg
<b>13,5 eða lægra</b>	Kindin er með alvarlega skapbresti.

*Mat á skapi er dæmt allan tímann meðan kindin er í dómi og byggir á heildarupplifun dómarans af hegðun kindarinnar. Þar að auki er prófað að handsama kindina og kanna hvernig hún bregst við sé haldið í hana. Prófað að teyma hana eða draga nokkur skref.*

## Forystuhæfileikar

<b>20</b>	Kindin sýnir framúrskarandi forystuhæfileika. Aðrar kindur fylgja henni og virða. Hún er ætíð tilbúin að leiða hópinn, skynsöm, kjörkuð og dugleg.
<b>18,0 – 19,5</b>	Úrvalsgóðir forystuhæfileikar. Fer nánast alltaf fyrir hópnum og leiðir hann af skynsemi.
<b>16,0 – 17,5</b>	Góðir eða mjög góðir forystuhæfileikar. Fer yfirleitt fyrir hópnum eða er framarlega og sýnir góða forystuhæfni.
<b>14,5 – 15,5</b>	Fremur litlir forystuhæfileikar en sýnir þó hegðun sem bendir til að kindin búi yfir forystueðli.
<b>14,0</b>	Forystueiginleikar mjög litlir og fátt sem bendir til þess að kindin búi yfir sönnu forystueðli.
<b>13,5 eða lægra</b>	Engir forystuhæfileikar og ekkert í fari kindarinnar sem minnir á forystukind.

*Þessi eiginleiki er prófaður með því að reka forystukindina til ásamt litlum hópi kinda sem ekki teljast til forystuffjár. Sett er upp einföld sýningarbraut þar sem kindur eru reknar frá A til B og aftur til A.*

*Ræktunarmarkmið og dómstigi samþykkt af fagráði í sauðfjárrækt 3. ágúst 2023*